



Fiskeldi Kristínar Óskar Matthíasdóttur  
(Fiskabúrið)  
Þverá  
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 27. nóvember 2020  
UST202011-293/H.R.A.  
08.04

### Efni: Áform um áminningu og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 14. október sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika er fram komu í eftirliti stofnunarinnar í fiskeldi Kristínar Óskar Matthíasdóttur (Fiskabúrið) að Þverá í Vatnsfirði þann 2. júlí sl. Frestur var veittur til 5. nóvember sl. til að skila inn áætluninni.

### Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr 2.3 í starfsleyfisráðgjörðum fyrir fiskeldi á sjó.** Mikið er um byggingarefni, timbur, dekk, brotajárn, fiskikör ofl á lóðinni. Rekstraraðila er skylt að sjá um að öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfsemi tilheyrir skal þannig frágengið að það ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágretta
- 2. Gr. 2.4 og 2.5 starfsleyfisráðgjörðum fyrir fiskeldi á sjó.** Ábendingar hafa borist Umhverfisstofnun um að rekstraraðili fari með dauðfisk og slóg af fiski í fjöruna og að sögn rekstraraðila gerir hann það til að fódra villta fugla á svæðinu. Endurvinnna skal allan úrgang sem fellur til í starfsemi eins og kostur er eða koma í viðurkenndan farveg. Þá er rekstraraðila skylt að fyrirbyggja aðgang fugls, meindýra og annarra villtra dýra að úrgangi á vegum rekstraraðila eftir því sem við á.
- 3. Lög nr 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.** Ummerki voru um að rekstraraðili væri að tyrfa yfir ýmissan úrgang meðfram aðrennislögnum. Slík landmótun/urðun er starfsleyfisráðgjörð starfsemi sem rekstraraðili hefur ekki heimild fyrir.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávika til 5. nóvember sl. Umhverfisstofnun hefur enn ekki borist tímasetta áætlun um úrbætur. Stofnunin áformar því að áminna rekstraraðila, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 10. desember nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli rekstraraðila á því að Umhverfisstofnun hefur heimildir samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að knýja á um

framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt kröfum stofnunarinnar. Stofnunin getur m.a. lagt á dagsektir og stöðvað starfsemi.

Áminning mun verða birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar komi til slíkrar ákvörðunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Helgu Rut Arnarsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [helga.arnarsdottir@ust.is](mailto:helga.arnarsdottir@ust.is). Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis